

Nr. 273

31. mars 2016

AUGLÝSING um breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga Helgafellshverfis, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur þann 23. september 2015 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt tillögu að breytingum á deiliskipulagi varðandi Uglugötu 2-22 í 3. áfanga Helgafellshverfis. Breytingarnar felast í því að í stað „klasa“ með 11 íbúðum komi samstæða með 8 tveggja hæða raðhúsum og einu tveggja hæða fjölbýlishúsi með 6-7 íbúðum. Aðkomuleið innan samstæðunnar og leik- og útvistarsvæði verði á sameiginlegri lóð í sameign allra.

Ofangreind breyting á deiliskipulagi hefur hlutið tilskilda meðferð samkvæmt skipulagslögum og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 31. mars 2016,

Finnur Birgisson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 4. apríl 2016